

Um hina aðra þjóðflokka útlenda fer og nefndarálitið nokkrum orðum, og af þeim telur það Bæheiminga fjarlægasta kyrkjunnii. Í Chicago, þar sem þeir eru mjög fjalmennir, eru sagðir 300 söfnuðir þeirra, er játa algjört guðleysi. Sagt er að um 30 trúleysingja blöð sé gefin út á meðal þeirra, viðsvegar um landið.

Að nafninu til er fólk þetta allt talið kaþólskt, en þegar farið er að gefa því sterkar gætnr, sjást þess skjótt merki, að kyrkjan hefir ekkert vald yfir þjóðinni.

Dr. Steiner, er um þá hefir ritað í „Outlook“, segir: „Hin trúarlegu umbrot meðal Bæheiminga eru að eins baráttan milli frjálsrar trúar og kaþólskunnar, og það er míni skoðun, að trúleysi það, sem birtist þeirra á meðal, sé að eins þrá eftir meiru trúarbragðalegu frelsi.“

Eins og meðal Bæheiminga svo kvað ástandið vera hjá Pólverjum og Ungverjum. Að nafninu til kaþólskir, en í raun og veru allt annað. „Pólverjar eru strax og hingað kemur allt annað en auðmjúkir undirsátar kaþólskunnar. Strax og þeir fara nokkuð að hugsa, kalla þeir sig trúleysingja, og jafnvel mikill meiri hluti pólsku safnaðanna í Bandaríkjunum hefir sagt skilið við páfann í Róm.“

Pessu líkt er vitnisburður sá, sem allir hinir útlenzku þjóðflokkar fá. Að nafninu til eru þeir taldir þessarar eða hinnar kyrkjunnar. En undir niðri eru þeir hvorki eitt eða annað.

Bandaríkjapjóðin í heild sinni hefir um langan aldur verið að fjarlægjast meir og meir kreddur og hleypidóma. Og útlendingarnir, er flytja inn í landið, verða skjótt engir eftirbátar þeirra, sem fyrir eru. Að nafninu til hanga þeir í kyrkjunum, en sannfæring þeirra fyrir kenningunni er engin. Og þótt verið sé að telja þá með, þá þegar farið er í strangan reiknings-skap og taka á fyrir öll játningarrit hinna ýmsu kyrkna, er telja sér svo og svo marga áhangendur, þá finnst varla maður í öllum hópnum, er trúir helmingnum eða þriðjungnum af því.

Það er meining nefndarálitsins, að það sé vegna þekkingar-leysis á öðrum frjálsari trúarskoðunum, og áhugaleysis, er þetta meiningarleysi hafi komið inn hjá mönnum, að þeir ekki í enn stærri hópum segi skilið við þessar gömlu skoðanir og gangi